

Aðalfundur Félags Fornleifafræðinga 2018

Fundurinn var haldinn í Kvennaheimilinu á Hallveigarstöðum þann 29. nóvember 2018. Fundur hófst klukkan 17:37

Kosning fundastjóra

Hermann Jakob Hjartarsson var kosinn fundastjóri og Lilja Laufey Davíðsdóttir, ritari stjórnar, var kosinn fundaritari.

Nýir félagar samþykktir

Nýir félagar voru samþykktir með lófaklappi. Nýjir félagar eru eins og hér segir:

Aðalfélagar:

Ómar Valur Jónasson
Svavar Níelsson

Aukafélagar:

Almar Smári Óskarsson
Anna Soffía Ingólfssdóttir
Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir
Hildur Alexandersdóttir
Ísak Freyr Valsson
Oddur Broddi Þorsteinsson
Óskar Ögri Birgisson
Snædís Sunna Thorlacius

Skýrsla liðins árs

Fundastjóri kynnti næsta lið og bauð formann félagsins velkominn á svið, Sólrúnu Ingu Traustadóttur, sem fór yfir helstu viðburði síðasta árs:

Málþing til heiðurs Kristjáni Eldjárn - Minjavarsla

Ólafía VI. Erindin sem flutt voru á málþinginu verða að greinum í næsta Ólafíu hefti – Þeta er allt í vinnslu. Erindin voru fimm talsins og pallborðsumræður voru í lok fundar. Heppnaðist mjög vel. Því miður er Ólafía VI ekki að fara að koma út á árinu en mun koma út á næsta ári.

Fyrirlestraröð FF, Námsbrautar í fornleifafræði við H.Í og Þjóðminjasafns Íslands

Flutt voru 15 erindi og eitt féll niður, sem var erindi Guðnýjar Zoega. En hún mun flytja erindi sitt eftir aðalfundinn. Fyrirlestraröðin heppnaðist mjög vel og verður aftur á vörönn 2019 eins og hefur verið síðastliðin ár.

Vorfagnaður dags 30. Apríl og aukaaðalfundur

Kynning fyrir Kuml og hausthittingur FF

Ályktanir stjórnar, birting á fréttamiðlum:

Tvær ályktanir voru birtar á árinu frá Félagi fornleifafræðinga

A) varðandi hvernig sveitarfélag Skagafjarðar pakkaði Byggðasafninu saman .

B) varðandi aðför blaðamanns að stjórnanda framkvæmdarannsóknar í Víkurgarði. Ákváðum að bregðast við þessu eftir að hafa spjallað við fornleifafræðinga á okkar starfsstöðum og ákváðum að senda ályktun.

Hvað er framundan?

- Fyrirlestraröð FF, Námsbrautar í fornleifafræði við HÍ og ÞJMS. Búið er að kalla eftir erindum, frestur rennur út 10. des 2018
- Fornminjasjóður – vinnuhópur. Betur farið í þetta í liðnum önnur mál.
- Ólafía VI – stefnt á að koma henni út á næsta ári.

Sólrún Inga Traustadóttir, fráfarandi formaður þakkað fyrir þrjú frábær ár í stjórn.

Uppgjör og endurskoðaðir reikningar

Gjaldkeri Félagsins Jakob Orri Jónsson, fór yfir reikninga félagsins. Þar sem þetta uppgjör var gert 1. nóvember vantar inn á þetta hluta félagsgjalda sem ætti að vera kominn inn núna. Endurskoðendur voru búnir að fara yfir reikningana og samþykkja þá.

Skýring	Inn	Út	Samtals
Inneign í upphafi tímabils	390,301		390,301
Innvextir / fjármagnstekjuskattur	1,107	222	391,186
Innheimtugjöld		14,125	377,061
Innheimt félagsgjöld fyrir 2017 eftir uppgjör	9,000		386,061
Innheimt félagsgjöld 2018	276,000		662,061
Aðalfundur 2017		148,727	513,334
Plaggataprentun		11,000	502,334
Gjöld vegna vefsíðu		5,980	496,354
Félagafundur um Ólafíu		1,548	494,806
Aukaaðalfundur 2018		139,752	355,054
Afmælishátíð Guðrúnar Sveinbjarnardóttur		30,000	325,054
Afmælishátíð Guðmundar Ólafssonar		30,000	295,054
Aðalfundur 2018		36,000	259,054
Sala Ólafíu	15,000		274,054
	Samtals:		274,054

Gjaldkeri fór einnig yfir uppgjör af reikningi Ólafíu:

Uppgjör Félags fornleifafraeðinga 2018

Staðan 1. Nóvember 2018

Unnið af Jakobi Orra Jónssyni, gjaldkera

Skýring	Inn	Út	Samtals
Inneign í upphafi tímabils	67,027		67,027
Innvextir / fjármagnstekjuskattur	223	45	67,205
Sala Ólafíu	5,600		72,805
	Samtals:		72,805

Kosning í stjórn

Þrjú embætti eru laus: Formaður, ritari og tveir varamenn

Sólrún Inga Traustadóttir ákvað að bjóða sig ekki aftur fram sem formann og var það **Hulda Björk Guðmundsdóttir** sem kosinn var formaður í hennar stað

Lilja Laufey Davíðsdóttir var endurkjörin ritari félagsins

Hermann Jakob Hjartarson var endurkjörinn varamaður félagsins

Ómar Valur Jónasson var kjörinn varamaður félagsins

Ritnefnd Ólafíu kosin

Jakob Orri var kosinn í ritnefnd Ólafíu. Ekki bárust nein önnur framboð í ritnefnd

Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn leggur til breytingu á félagsgjöldum:

Úr 3000 kr. í 4000 kr. fyrir aðalfélaga

Úr 1500 kr. í 2000 kr. fyrir aukafélaga

Spurning barst úr sal af hverju þyrfti að hækka gjöldin þegar við ættum svona mikinn pening. Sýnt hafði verið fram á að á ári hverju að við erum að eyða meiri pening en við erum að fá inn og því væri nauðsynlegt að hækka gjöldin, sérstakleg ef við ætlum að eyða pening í það að streyma fyrirlesturum í gegnum netið. Enginn var mótfallin því að félagsgjöld yrðu hækkuð og var því tillagan samþykkt.

Tillögur að lagabreytingum

Viðbót við 5. gr.

Stjórnarmeðlimir mega bjóða sig fram til embættis sem laust er á aðalfundi þótt embætti viðkomandi sé ekki laust. Ef sitjandi stjórnarmeðlimur hlýtur kjör í laust embætti skal kosið um hans embætti á sama aðalfundi. Þetta er einungis hægt með samþykki allra sitjandi stjórnarmeðlima.

Umræður voru um lagabreytinguna og ákveðið var að óþarfi væri að breyta lögnum þar sem að ekkert stæði þar um að sitjandi stjórnarmeðlimir mættu ekki bjóða sig fram. Ákveðið var að taka þetta til baka og lögnum var því ekki breytt.

Önnur mál

Fornminjasjóður

- Á hverju ári er mikil óánægja með sjóðinn
- Ekki nægt fjármagn
- Ógagnsæi varðandi vinnulag fornminjanefndar
- Umsagnir um umsóknir eru umdeildar og ekki nógu greinagóðar

Stjórnin lagði til að stofnaður yrði vinnuhópur þar sem tekin yrðu saman þau atriði sem valda óánægju og í framhaldi sent bréf til sjóðsins.

Það þarf að þrýsta á að sjóðurinn verði stækkaður.

Kosnir voru þrír aðilar í vinnu hópinn, Hildur Gestsdóttir, Ragnheiður Traustadóttir og Jakob Orri Jónsson.

Ólafusjóður

- Ekki komin reynsla á hversu mikill peningur er til ráðstafa á hverju ári. Hugsanlega eru þetta um 400.000 kr á ári. Ef ritið er gefið út annað hvert ár þá er þarna einhver peningur til þess að borga ritstjóraun og annað sem þarf
- Verið að vinna í því að gera starfsreglur fyrir sjóðinn.
- Vonandi verður nákvæmari tala á næsta fundi. Verður skýrara þegar búið er að borga öll gjöld um áramótin
- Sjóðurinn hefur sett sér það markmið að höfuðstóllinn rýrni ekki og verður það skoðað hver áramót.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá og var fundi slitið klukkan 18:19.